

Peningaþvætti

Vápættir í starfsemi endurskoðenda,
bókara og skattaráðgjafa



Almennt

Endurskoðunarfyrirtæki, endurskoðendur, skattaráðgjafar og aðilar sem færa bókhald eða sinna bókhaldsþjónustu fyrir þriðja aðila falla undir gildissvið laga nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, sbr. l-lið 1. mgr. 2. gr. laganna og teljast því vera tilkynningaskyldir aðilar í skilningi laganna.

Ýmsar aðferðir og hættumerki (e. red flags) eru þekkt við að þvætta fé m.a. út frá dómaframkvæmd, rannsóknnum, fræðiritum og innlendu sem og erlendu leiðbeiningaefni. Jafnframt hefur það sýnt sig að ýmsir veikleikar eru í starfsemi lögaðila hvað viðkemur hættu á að starfsemi sé notuð við að þvætta fé. Hér á eftir eru nefnd dæmi um hættumerki sem tengjast peningabætti og fjármögnun hryðjuverka í starfsemi endurskoðenda, bókara og skattaráðgjafa. Hafa skal í huga að þessi dæmi eru til viðmiðunar og ekki tæmandi. Þrátt fyrir að eitthvað af eftirfarandi hættumerkjum eigi við tiltekinn viðskiptavin getur það átt sér eðlilegar skýringar en gefur tilefni til frekari skoðunar. Tilkynningarskyldir aðilar þurfa því ávallt að meta áhættu með heildrænum hætti þar sem eitt hættumerki þarf ekki að færa viðskiptavin upp eða niður um áhættuflokk.

Misnotkun á þjónustu endurskoðenda, bókara og skattaráðgjafa

Rannsóknir hafa sýnt að brotamenn leita eftir þjónustu sérfræðinga til að þvætta ávinning ólögmatrar starfsemi. Er það bæði vegna þeirrar sérfræðiþjónustu sem þeir bjóða upp á og eins til þess að ljá viðskiptum lögmæta ásýnd og í því skyni að auka eigin trúverðugleika. Sé tillit tekið til skýrslu ríkislögreglustjóra um skipulagða brotastarfsemi á Íslandi frá 2025 er ljóst að Ísland er þar engin undantekning.

Skilgreindir áhættuþættir í störfum endurskoðenda, bókara og skattaráðgjafa snúa m.a. að því að þjónusta þeirra sé nýtt, hvort sem þeir vita af því eða ekki, í þeim tilgangi að:

- aðstoða við bókhald og skattskil fyrirtækja sem notuð eru við peningabætti,
- aðstoða við stofnun fyrirtækja sem síðan eru nýtt við peningabætti,
- aðstoða við aukningu á hlutafé þar sem getur verið um að ræða háar fjárhæðir,
- að annast fjárvörslu sjóðs, sem nýttur er við peningabætti,
- árita reikningsskil fyrirtækja sem notuð eru við peningabætti.

Sérstök áhætta er þegar viðskiptavinir endurskoðenda, bókara og skattaráðgjafa eru félög með flókið eignarhald, eignarhald yfir landamæri (e. cross border) og þegar mikið er um reiðufjárviðskipti.

Aðkoma endurskoðenda, bókara og skattaráðgjafa að peningabætti

Endurskoðendur, bókarar og skattaráðgjafar kunna ómeðvitað að vera þátttakendur í peningabætti viðskiptavina sinna þar sem engin skýr hættumerki eru til staðar um peningabætti eða viðskiptavinur veitir, að því er virðist, eðlilegar skýringar á viðskiptum sínum og uppruna fjár. Í öðrum tilvikum kunna skýr hættumerki að vera til staðar en vegna skorts á þekkingu eða aðferðum eru slík hættumerki ekki greind. Að lokum kunna þær aðstæður að vera til staðar að tilkynningarskyldur aðili greini hættumerki en leiði þau hjá sér, setji fjárhagslega hagsmuni af viðskiptum ofar eða að hann sé viljugur þátttakandi í peningabætti viðskiptavinar.

Tilkynningar til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu

Endurskoðendum, bókurum og skattaráðgjöfum er skylt að tilkynna öll grunsamleg viðskipti til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu, að eigin frumkvæði, og veita henni allar nauðsynlegar upplýsingar.

Með hugtakinu grunur er vísað til lægsta stigs gruns, þ.e. að sérhver grunur, óháð því hve mikill hann er, uppfyllir skilyrði greinarinnar um grun. Lægsta stig gruns getur t.d. verið tilfinning um að ekki sé allt með felldu í fari viðskiptavinar eða viðskipta hans. Væri í þessu sambandi nægjanlegt að grunur kviknaði um að fjármuni kunni að mega rekja til refsiverðrar háttsemi hvort sem sá grunur reynist síðar meir hafa verið reistur á fullnægjandi rökum eður ei.

Hættumerki við þjónustu endurskoðenda, bókara og skattaráðgjafa

- Viðskiptavinur virðist lifa umfram efni eða fjárráð.
- Reikningar viðskiptavinar stemma ekki við sölutölur (t.d. eru greiðslur af ólíklegum uppruna).
- Viðskiptavinur hefur ítrekað skipt um endurskoðanda / bókara án sérstakra ástæðna.
- Viðskiptavinur er óviss um hvar reikninga eða bókhaldsgögn félagsins megi finna.
- Vísbendingar um útgáfu tilhæfulausra reikninga til félagsins eða frá því.
- Uppgreiddar eða óraunverulegar skuldir eru færðar til bókar sem viðvarandi skuldir.
- Engir starfsmenn eru raunverulega starfandi í viðkomandi starfsemi.
- Greiddar eru óeðlilegar ráðgjafagreiðslur t.d. til aflandsfélaga.
- Reikningar sýna endurtekið lægri sölutölur heldur en kostnaðartölur en starfsemi heldur áfram án viðunandi útskýringa á tapi.
- Óheimilar lánveitingar til hluthafa.
- Könnun á upprunaskjöllum félaga sýnir rangar upplýsingar um tilgang og starfsemi.
- Fyrirtæki færir háar fjárhæðir til dótturfélaga eða fyrirtækja undir eigin stjórn sem fellur ekki undir venjulega starfsemi.
- Viðskiptavinur eignast dýrar einkaeignir (t.d. báta, lúxusbíla, heimili eða sumarhús) þegar slík viðskipti eru ekki í samræmi við starfsemi þess eða starfsemi innan sömu greinar.
- Viðskiptavinur er með starfsemi sem er ekki í samræmi við venjulega starfsemi eða afkomutölur innan sömu greinar.
- Ástæða þess að viðskiptavinur leitar eftir þjónustu er óskýr.
- Viðskiptavinur svarar fyrirspurnum eða afhendir gögn seint og illa sem gæti bent til þess að hann sæki upplýsingar/gögn frá raunverulegum eiganda sem ekki er vitneskja um.
- Fyrirhuguð viðskipti eða þjónusta felur í sér aðkomu aðila með tengsl við áhættusöm ríki eða frá þjóð með bankaleynd, lágs-kattasvæði eða spillingu.
- Misræmi er að finna í reikningum, reikningsskilum eða öðrum gögnum. Má þar nefna:
 - o þegar reikningar fyrir vörur eða þjónustu eru ýmist of háir eða of lágir, eða margir reikningar eru fyrir sömu vörur eða þjónustu,
 - o þegar rangar eða villandi lýsingar eru á vöru eða þjónustu,
 - o þegar reikningar eða útgjöld eru ekki í samræmi við tilgang lögaðila,
 - o yfir- og undirmat eigna,
 - o rangar upplýsingar er varða skattskil.

Hættumerki varðandi viðskipti og viðskiptavini

- Viðskiptavinur forðast persónuleg samskipti án þess að til staðar séu réttmætar ástæður.
- Viðskipti eru óvenjuleg með tilliti til aldurs viðskiptamanns.
- Viðskiptavinur veitir ófullnægjandi eða rangar upplýsingar um viðskipti, tilgang þeirra eða uppruna fjármuna eða er tregur til að veita nauðsynlegar upplýsingar.
- Upplýsingar um viðskiptavin eru frá honum sjálfum komnar og litlar sem engar upplýsingar frá óháðum aðila, og/eða erfitt að sannreyna upplýsingar og gögn frá viðskiptavini.
- Viðskipti gerð fyrir hönd aðila sem ekki koma fram í eigin persónu án eðlilegra skýringa.
- Viðskiptavinur er þekktur afbrotamaður eða hefur stöðu sakbornings hjá lögreglu í málum sem geta verið frumbrot peningabættis.
- Viðskiptavinur eða fjölskylda hans hefur tengsl við þekkta brotamenn.
- Umfang fjármuna viðskiptavinar er ekki í samræmi við fjárhagsstöðu hans. Viðskiptavinur afhendir ófullnægjandi, röng eða fölsuð gögn.
- Viðskiptavinur er tengdur einstaklingum í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla.
- Aðili sem stýrir viðskiptum er hvorki formlegur aðili viðskipta né með skýr umboð til þeirra.
- Viðskiptavinur vill koma á viðskiptum með óvenjulegum hraða.
- Viðskiptavinur er reiðubúinn að greiða umbun án þess að þjónusta sé veitt.
- Notaðar eru háar fjárhæðir í reiðufé eða umfang þess er ekki í samræmi við umfang sambærilegra aðila,
- Viðskiptavinur breytir uppbyggingu lögaðila reglulega eða án skýringa (t.d. nafni félags, stjórnarmönnum, hluthöfum og heimili).
- Miklar breytingar í veltu án skýringa, sérstaklega í samanburði við sambærilega aðila.
- Fjármunir eru millifærðir til þriðja aðila í andstöðu við samninga eða án haldgóðra skýringa.
- Viðskipti virðast hvorki hafa lagalegan né fjárhagslegan tilgang.
- Andlag viðskipta er verðlagt óvenjulega hátt eða lágt.
- Einkaútgjöld eru fjármögnuð af fyrirtæki.
- Viðskipti eru fjármögnuð með óhefðbundnum hætti.
- Háar millifærslur hjá nýstofnuðum fyrirtækjum.
- Einstaklingar eða lögaðilar sem virðast ekki tengjast viðskiptavini hafa aðkomu að viðskiptum t.d. varðandi fjármögnun.
- Viðskiptavinur óskar eftir því að fjárhæðum í viðskiptum sé skipt niður þannig að þær veki síður athygli.
- Óvirkt eða lítið virkt félag stundar umfangsmiklar fjárfestingar.
- Viðskiptavinur hættir við viðskipti nema greiðsla vegna þeirra fari til þriðja aðila.
- Viðskipti eru óvenjulega flókin að uppbyggingu eða fjármögnun.
- Notkun "U-beygju viðskipta" þar sem fjármunir eru sendir til endurskoðenda eða annarra lögaðila en síðan sendir aftur til upphaflegs aðila innan skamms tíma.
- Viðskiptavinur er tilbúinn að greiða hærra gjald en ella eða greiða sektir gagngert til þess að viðskipti eigi sér stað.
- Virkni viðskiptavinar er mikil eða skyndileg eftir að hafa legið niðri.
- Viðskiptavinur óskar eftir því að greiða fyrirfram eða í gegnum þriðja aðila, án eðlilegrar ástæðu.

Stofnun eða stjórnun félaga og sjóða.

Það er þekkt aðferð við peningabætti að stofna félög eða sjóði til að dylja uppruna fjár og eignarhald og með því að fela slóð ólögðs ávinnings. Það er jafnframt þekkt að fela aðild að rekstri eða félagi með því að skrá aðsetur þess hjá sérfræðingi og fá aðra aðila til að vera í fyrirsvári þess, t.d. endurskoðendur, bókarar eða skattaráðgjafa.

Aðferðir sem brotamenn nota til að fela slóð ólögðs ávinnings í gegnum félög eða sjóði eru m.a. að:

- stofna lögaðila til að dylja eignarhald,
- stofna flókið net félaga til að dylja slóð fjármuna (e. layering),
- nota handhafabréf til að dylja eignarhald,
- stofna fjárvörslusjóði til að dylja slóð fjármuna og eignarhald,
- skrá aðsetur félags hjá endurskoðunar eða bókhaldsstofu,
- nýta sér þjónustu sérfræðinga til að sjá um framkvæmdastjórn eða stjórnarsetu í félögum til að ljá félagi lögmæta ásýnd eða til að fela eignarhald.

Hættumerki varðandi raunverulegan eiganda

- Reynt er að dylja raunverulegt eignarhald eða þátttakendur í viðskiptum.
- Raunverulegur eigandi er ekki lögráða.
- Flókið net fyrirtækja er notað í viðskiptum.
- Ófullnægjandi upplýsingar veittar um þá aðila sem koma að viðskiptum.

Nýjar áhættur (e. emerging risk)

Hér er vísað til nýrrar áhættu sem gæti komið fram og haft áhrif á hættuna á peningabætti, fjármögnun hryðjuverka og fjármögnun gereyðingavopna. Um er að ræða nýjar mögulegar áhættur sem ekki hafa komið fram áður á Íslandi, eru jafnvel lítt þekktar enn sem komið er, breytast hratt og hafa ekki haft neitt vægi. Mikilvægt er fyrir tilkynningaskylda aðila að vera vel vakandi fyrir nýjum og mögulegum áhættum því aðferðir við peningabætti, fjármögnun hryðjuverka og fjármögnun gereyðingavopna þróast hratt í heimi örur tækniþróunar. Eftirfarandi má nefna sem dæmi um nýjar áhættur:

- Rafmyntir: Krefjast nýrrar sérþekkingar til að meta færslur og eignir.
- Gervigreind og sjálfvirkni: Fyrirtæki og einstaklingar nota ný tól sem endurskoðendur, bókarar og skattaráðgjafar þurfa að skilja til að meta áreiðanleika gagna.
- Netöryggi: Hætta á gagnaleka, bilunum í kerfum eða árásum sem geta haft áhrif á fjárhagsupplýsingar og rekstur.
- Svindl og spilling í stafrænu umhverfi: Nýjar leiðir til að fela færslur eða búa til fölsuð gögn.
- Ný viðskiptamódel: Til dæmis ýmsar áskriftarþjónustur og stafrænar vörur.
- Fjartengingar og stafrænn vinnuheimur: Breytt verklag getur valdið brothættu innri stjórnun.
- Pólitísk áhætta og óvissa: Viðskiptaþvinganir, stríð og efnahagslegur og pólitískur óstöðugleiki.

Hættumerki varðandi fjármögnun hryðjuverka og gereyðingavopna

Hingað til hefur hættu á fjármögnun hryðjuverka og fjármögnun gereyðingavopna verið fremur lág á Íslandi. Með aukinni alþjóðavæðingu og sífelldri tækniþróun er þó full þörf á að vera á varðbergi hvað þessa þætti varðar. Séu veikleikar til staðar hjá íslenskum endurskoðendum, bókurum og skattaráðgjöfum er ljóst að brotamenn munu leitast við að nýta sér slíka veikleika fyrr en varir. Eftirfarandi má nefna sem dæmi um hættumerki vegna fjármögnunar hryðjuverka og gereyðingavopna:

- Örar færslur lágra upphæða sem samræmast ekki eðlilegri starfsemi viðskiptavinar (e. smurfing).
- Örir fjármagnsflutningar án viðskiptalegs tilgangs.
- Framlög eða styrkir til áhættusamra ríkja án fullnægjandi fylgigagna.
- Greiðslur til og frá löndum þar sem hryðjuverkastarfsemi er þekkt.
- Notkun milligönguaðila frá áhættusömum ríkjum án eðlilegra skýringa.
- Alþjóðlegar millifærslur í kjölfar óeðlilegra reiðufjárinnlagna.
- Viðskipti sem innihalda félög sem koma fram fyrir hönd eða í þágu aðila sem sæta þvingunaraðgerðum.

Varnir gegn misnotkun

- Aukin fræðsla starfsfólks um skyldur endurskoðenda, bókara og skattaráðgjafa á grundvelli laga nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og laga nr. 68/2023 um framkvæmda alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna.
- Aukin fræðsla um áhættuþætti í starfsemi endurskoðenda, bókara og skattaráðgjafa.
- Verklag, framkvæmd og innri endurskoðun sem tryggir áhættuflokkun viðskiptavina og fullnægjandi framkvæmd áreiðanleikakannana.
- Verklag og verkaskipting sem tryggir að tilkynnt sé um öll grunsamleg viðskipti.
- Aukin vitund um nýjar áhættur og ný hættumerki.

Hafðu samband við ríkisskattstjóra ef það eru einhverjar spurningar sem vakna um aðgerðir gegn peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka.



Sími: 442 1000 - Netfang: pt@skatturinn.is